

**6. fundur fjallskilanevndar haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,
mánudaginn 3. október 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Vignir Arnarson, Hannes Kristjánsson (HK), Símon Viggósson, Birna Benediktsdóttir (BB),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. 1109096 - Fjallskil í Tálknafjarðarhreppi haust 2010

Fundurinn leggur til að fjallskilin fari fram með sama hætti og árið 2010. Sendir verða út fjallskilaseðlar til landeigenda og réttardagur verður í Botnsrétt þann 15 okt og þann 16 okt í Laugardalsrétt.

Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að hún láti lögfræðing sveitarfélagsins kanna hver ber kostnaðinn af smölun og fái úr því skorið hvort það eru landeigendur eða fjáreigendur sem bera hann. Í ljósi þess að hér á Tálknafirði er ekkert lögbyli skráð með fé.

Nefndin fór fram á það við Guðna Ólafsson að taka að sér að vera gangnastjóri og til vara Vignir Arnarson. Réttarstjóri verður Hannes Kristjánsson og til vara Símon Viggósson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____